



Vox academica Jón Leifs camerata

Requiem

Tónleikar í Langholtskirkju 29. apríl 2005



Sálumessa Mozarts er tónverk sveipað dulúð og seiðmagni. Lífið og framtíðin virtust brosa við tónskáldinu unga í júlí árið 1791. Wolfgang Amadeus Mozart átti heima í Vín, þá 34 ára og hamingjusamlega kvæntur eiginkonu sinni, Constönzu (áður

Weber). Hann var við það að ganga frá einni léttri og leikandi óperu um töfraflautu þegar nafnlaus og dularfullur gestur knúði dyra og bauð greiðslu fyrir sálumessu. Mozart var spenntur yfir verkefninu en vegna anna hófst hann ekki handa við samninguna fyrr en liðið var á nóvember. Þá tóku að herja á hann veikindi af slíkum þunga að hann var orðinn rúmfastur er desember gekk í garð. Fjórdá þess mánaðar fékk hann nokkra vini sína til að syngja fyrir sig brot úr þessu hálfkaraða verki. Áður en aðfaranótt fimmta desember var úti var hann liðið lík. Fimm dögum síðar, þann tíunda desember árið 1791, voru fyrstu brot úr verkinu sungin við minningarathöfn um hann.

Sálumessan átti eftir að öðlast eigið líf. Sama má segja um ýmsar gróusögur sem komust á kreik um verkið og tilurð þess. Hver

var hann þessi grái sendiboði? Þessi boðberi dauðans? Skyldi erkióvinur Mozarts, Antonio Salieri, hafa eitrad fyrir honum? Sótti að honum feigð? Var tónskáldið unga að skrifa sjálfu sér sína eigin sálumessu?

Reyndin var ekki alveg svo dramatísk. Sögu-sagnir um feigð og fyrirboða skyldu skoðast sem einmitt það: sögusagnir. Og ýmsir telja að Salieri hafi hreint ekki borið kala til Mozarts, heldur þvert á móti verið í hópi hans mestu aðdáenda. En hvað er þá hið sanna um tilurð Sálumessunnar?

Verkið var borgað og unnið samkvæmt ósk greifa nokkurs, Franz von Walsegg, til minningar um eiginkonu hans, Önnu Flammberg, sem hafði andast í febrúar sama ár. Walsegg var sérvitur aðalsmaður sem bjó í grennd við Vín, hafði tónlist að áhugamáli og var alræmdur fyrir að eigna sjálfum sér verk sem hann hafði fengið samin fyrir sig. Talið er nokkuð öruggt að sú hafi verið ástæðan fyrir þeirri leynd sem hvíldi yfir því hver hefði óskað eftir sálumessunni - að hann hafi ætlað sér að standa fyrir því að hún yrði flutt sem hans eigin tónsmíð. Hinn grái sendiboði dauðans var líkast til senditík lögmanns Walseggs greifa, sem samdi við tónskáldið um tímaramma verkefnisins, umfang og greiðslu upp á fimmtíu dúkata.

Þegar Mozart féll frá var upphafskafli sálumessunnar, *Introitus*, sá eini sem var fullfrágenginn. Aðrir þeir kaflar sem hann skildi eftir sig voru með fullskrifuðum kórpartítúr og meðfylgjandi bassalínu, og stöku hljóðfæri þess fyrir utan þar sem mest reið á að gefa hugmynd um hvernig haga skyldi frekari úrvinnslu. Þetta á við um *Kyrie* og *Sequenz*, til og með átta fyrstu taktanna af *Lacrimosa*, og einnig *Offertorium*. Það sem á eftir átti að fylgja var ekki til nema þá í besta falli í mjög brotakenndu formi. Því má ljóst vera að Sálumessan telst ekki fullkláruð frá hendi höfundar. Líklegt má telja að svo hefði farið um alla tíð að það hefði verið skilið eftir í þessu hálfkaraða formi, ef ekki hefði viljað svo til að Constönzu, ekkju Mozarts, vanhagaði um höfundarlaunin. Sérstaklega þar sem þau hjón höfðu þegar fengið fyrri hluta greiðslunnar reiddan af hendi fram og hún átti óhægt um vik með að skila því fé.

Nokkrir nemendur og kunningjar Mozarts hafa verið nefndir til sögunnar í tengslum við frágang *Requiem*. Ýmsir vilja meina að Franz Jakob Freystädtler (1761-1841), tónlistarmaður frá Salzburg og nemandi Mozarts, hafi tekið að sér að ljúka fráganginum á *Kyrie*, ef til vill fyrir áðurnefndan flutning við minningarathöfnina 10. desember 1791. Líklegt er talið

að Joseph Leopold von Eybler (1765-1846) hafi reynt sig við að útsetja hljómsveitarpart *Sequenz*, upp að hinu ókláraða *Lacrimosa*, þar sem honum féllust hendur.

Fleiri nöfn hafa verið nefnd í tengslum við frágang sálumessu Mozarts, en sá sem stærstan hlut átti í því að koma sálumessunni á fullklárað (en ekki endilega endanlegt) form var Franz Xaver Süßmayr (1766-1803). Hann endurritaði *Sequenz* með því að eftirskrifa það sem þegar hafði verið fært inn af Mozart (og Eybler) og byggði svo á því í sinni eigin útfærslu. *Sanctus*, *Benedictus* og *Agnus Dei* hafa svo almennt verið talin verk Süßmayrs, þótt merki séu um að hann hafi að einhverju leyti getað byggt á hugmyndum sem upprunalega komu frá Mozart sjálfum. Sérstaklega á þetta við í *Agnus Dei*, þar sem vísað er bæði í upphafsstef sálumessunnar og í *Gloria Missa brevis* (K220).

Requiem er eitt magnaðasta kórverk tónbókmenntanna og heillar áhorfendur jafnt á vorum dögum sem á fyrri tímum. Nú á 250. afmælisári tónskáldsins verður það varla of oft flutt, enda verk sem hver flytjandi nálgast sem í fyrsta sinn væri og sem unnendur góðrar tónlistar geta hlýtt á aftur og aftur. Hvort sem verkið er sálumessa yfir Mozart sjálfum eða Önnu von Walsegg hreyfir það við dýpstu

og innilegustu tilfinningum þeirra sem það flytja og á hlýða og spannar allt litróf mannsálarinnar. Þetta er verk um von andspænis ótta dauðans, reiði og réttlæti Guðs og traust á líkn hans þegar heimurinn ferst. *Requiem* Mozarts er annað og meira en messa yfir sál um hinna dauðu. Hún er reiðin, sorgin, náðin og líknin, tónum klædd.



Hákon Leifsson lagði stund á hornleik við Konunglega konservatóriið í Kaupmannahöfn og lauk kennaraprófi á hljóðfærið 1986 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þá stundaði hann tónsmíðanám hjá Hallgrími Helgasynti, Atla Heimi Sveinssyni og við Tónlistarháskólann í Vírnaborg. Hákon lauk Masters of Music-prófi í hljómsveitarstjórn frá New England Conservatory í Boston árið 1990 og hefur starfað talsvert sem hljómsveitarstjóri, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku

hljómsveitinni, CAPUT, Jón Leifs camerata og Blásarakvintett Reykjavíkur. Hákon hefur stjórnað Háskólakórnum í rúman áratug og stofnaði kammerkórinn Vox academica árið 1996. Hákon lauk doktorsprófi frá University of Washington, Seattle í ágúst 2004 undir handleiðslu prófessor Abraham Kaplan og Peter Erös. Hákon er enn fremur menntaður leikari og hefur unnið talsvert í leikhúsi, bæði sem leikari og tónskáld. Frá 2001 hefur hann verið organisti og kórstjóri við Keflavíkurkirkju.

Vox academica er kammerkór á sínu tíunda starfsári, en kórinn var upphaflega stofnaður sem eins konar framhaldsdeild frá Háskólakórnum og var þá einkum skipaður kórfélögum sem lokið höfðu háskólanámi en vildu halda áfram að syngja. Síðan þá hefur kórinn þróast út í að vera almennur kór og félagarnir koma til starfa úr ýmsum áttum, en eiga það sameiginlegt að hafa umtalsverða kórreynslu eða vera tónlistarmenntaðir.

Kórinn hefur undanfarin ár skapað sér nafn, nokkurn virðingarsess í íslensku tónlistarlífi og eignast traustan hóp áheyranda.

Efnisskrá kórsins hefur frá upphafi verið mjög metnaðarfull og fjölbreytt og áhersla lögð á að flytja jafnt klassísk kórverk, íslensk og erlend, sem og samtímatónlist, sem oft

hefur verið samin sérstaklega fyrir kórinn. Á Myrkum músíkdögum nú í febrúar sl. flutti kórinn metnaðarfulla dagskrá íslenskra samtímakórverka þar sem þrjú af sex verkum á efnisskránni voru samin sérstaklega fyrir kórinn og frumflutt við þetta tækifæri. Flutningur kórsins fékk afbragðsdóma.

Kórinn heldur að jafnaði tvenna tónleika á ári, auk fastra aðventutónleika, og hefur lagt áherslu á að flytja að minnsta kosti eitt stórt kórverk með hljómsveit ár hvert. Þessir tónleikar hafa verið ákaflega vel sóttir. Meðal klassískra kórverka sem kórinn hefur flutt má nefna *Sálumessu* eftir Fauré, *Carmina burana* eftir Orff og *Gloria* eftir Vivaldi, en meðal stærri samtímaverka má nefna *Lincoln Mass* eftir Úlfar Inga Haraldsson, *African Sanctus* eftir David Fanshawe og *Hjörturinn skiptir um dvalarstað* eftir Hróðmar Inga Sigurbjörns-son. Flutningur Vox academica, Diddú og Rússíbananna á síðastnefnda verkinu kom út á geisladiski árið 2003 og var diskurinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna það ár.

Kórinn hefur leitast við að fá til samstarfs við sig afbragðs tónlistarmenn, einleikara og einsöngvara, og það hefur hann einnig gert á þessum tónleikum.



Nú á vordögum heldur Vox academica í söngferð til Þórshafnar í Færeyjum.

Stjórnandi og stofnandi Vox academica er Hákon Leifsson, en frekari upplýsingar má finna á www.habil.is/vox.

Jón Leifs Camerata var stofnuð 28. nóvember 2002 af Hákonni Leifssyni og Jóhannesi Georgssyni. Hljófæraleikarar í hljómsveitinni eru allir meðlimir í Sinfóníuhljómsveit Íslands,

en stærð hljómsveitarinnar fer eftir því verki sem verið er að flytja hverju sinni. Markmið Jón Leifs Camerata er að styrkja starfsemi kóra, einleikara og tónskálda bæði við frumflutning á nýjum íslenskum verkum sem og flutning á eldri verkum, þekktum og óþekktum. Hljómsveitin hefur starfað óslitið frá upphafi undir stjórn Hákon Leifssonar.

Leifur Þórarinnsson (1934-1998) stundaði nám við í fiðluleik, tónfræðum og tónsmíðum við Tónlistarskólann í Reykjavík en hélt síðan til Vínarborgar og Bandaríkjanna til frekara náms. Leifur varð fljótlega eitt atkvæðamesta tónskáld sinnar samtíðar á Íslandi og hróður hans hefur borist langt út fyrir landsteinana. Eldri verk hans einkennast mjög af tólftóna aðferðinni og púnktalisma, en seinna á ævinni kvað við mildari og persónulegri tón. Leifur snerist til kaþólskrar trúar um miðjan aldur og Maríumúsík I, II og III eru verk manns sem hafði búið sér agað en einlægt tónmál til að tjá trú sína. Lögin eru tileinkuð þremur konum úr lífi tónskáldsins: Öldu Lóu dóttur hans, Ingu Bjarnason, seinni konu hans, og Auði Önnu Kristjánsdóttur barnabarni hans.

Fyrsta Maríulagið er við texta Stefáns frá Hvítadal, annað lagið er samið við ljóð Vilborgar Dagbjartsdóttur, og það þriðja við hefðbundinn kaþólskan bænatexta – Ave Maria.

II.
Nú breiðir María ullina sína hvítu á himininn stóra.
María sem á svo mjúkan vönd að hirta með englabörnin smáu.
Það hrundu fáein blóm úr vendinum hennar í vor;
þau vaxa síðan við hliðið, ljómandi falleg og blá.

Fuglinn sem á hreiður við lækinn í hlíðinni sunnan við bæinn
er kallaður eftir henni. Það er Maríuerla.

Þegar ég verð stór og ræ á sjó með pabba
gef ég henni Maríu fyrsta fiskinn minn.

Í kirkjunni er mynd af Maríu með gull utan um hárið.
Mamma segir að það sé vegna þess að María á dreng svo undur góðan.

Vilborg Dagbjartsdóttir

Maríumúsík

I.
María fór um miðnæturskeið
myrk vetrar, auðnir og þyrnileið,
og fól hið heilaga barn við sinn barm.

Þá nótt báru þyrnarnir rauðar rósir,
þeir hylltu sveininn við hennar barm.
Gegnum vetur og nótt sá hún rauðar rósir.

Stefán frá Hvítadal

III.
Ave Maria
gratia plena, Dominus tecum
benedicta tu in mulieribus.
Et benedictus fructus ventris tui Jesus.
Sancta Maria. Mater Dei.
Ora pro nobis peccatoribus,
nunc et in hora mortis nostrae. Amen

Sæl vertu, María,
full náðar, Drottinn sé með þér
blessuð sértu meðal kvenna.
Og blessaður sé ávöxtur kviðar þíns, Jesús.
Heilög María. Móðir Guðs.
Bið fyrir okkur, syndurunum,
nú og á andlátsstund okkar. Amen.

Szymon Kuran (1955-2005) var fæddur og uppallinn í Póllandi og stundaði þar nám. Hann fluttist til Íslands á níunda áratug síðustu aldar og settist hér að, en framlag hans til íslensks tónlistarlífs var marghátað og verður varla gerð tæmandi skil hér. Kuran var um árabíl fyrsti konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en lék einnig með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Kammersveit Reykjavíkur og kom fram sem einleikari við fjölda tækifæra á tónleikum, í útvarpi og í sjónvarpi. Þá fékkst hann mikið við djasstónlist og þjóðlagatónlist og stofnaði m.a. hljómsveitina Kuran Swing. Kuran fékkst enn fremur mikið við tónsmíðar, en verkið *Nótt* fyrir kór, einleiksfiðlu og strengi, er samið við ljóð sem dóttir hans orti tíu ára að aldri.

Nótt

Um nóttina ég svíf
og bjartar stjörnur sé ég
og englar fylgja leið
því nóttin er svo dimm.

Anna Kolfinna Kuran

Jón Leifs (1899-1968) var einn af frumkvöðlum í íslenskum tónsmíðum á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar og reyndi fyrstur íslenskra tónskálda að sameina í verkum sínum mið-evrópska tónlistarhefð og eiginleika íslenska þjóðlagsins. Stíll Jóns Leifs er að mörgu leyti frumstæður, og tónlist hans á tíðum bæði harkaleg og kaldhömruð. Kórverkið *Requiem*, sem Jón samdi árið 1947 til minningar um dóttur sína, er hins vegar stillilegt og innilegt verk sem minnir á síkvikar hreyfingar hafsins í rísandi og hnígandi hljómfalli. Líf Leifs druknaði við strönd Svíþjóðar 12. júlí árið 1947, þá 17 ára gömul, og það er engu líkara en hafið sem hreif hana með sér flæði inn í verkið til að vagga barninu druknaða blíðlega í svefn.

Jón samdi fjögur verk í minningu hennar og eru þau með áhrifamestu tónsmíðum hans: *Torrek* op. 33a fyrir söngrodd og píanó, *Requiem* op. 33b fyrir blandaðan kór, *Erfiljód - In memoriam* op. 35 fyrir karlakór, mezzósópran og einleiksfiðlu (öll samín árið 1947) og strengjakvartettinn *Vita et mors* op. 36 (1948-51). Í öllum þessum verkum er að finna sömu tónhugmynd í mismunandi útfærslum, þ.e. hljómfæri þar sem dúr og moll-þríundir sama grunntóns skiptast á,

meðan grunntónn hljómsins er stöðugur og fimmundin sömuleiðis. Má segja að útfærslan á dúr/moll víxlinu lýsi betur en nokkur önnur tónhugmynd tilfinningum Jóns á þessum tíma, þar sem dimmir, þrúgandi mollhljómar leita upp í bjartan og kyrrlátan dúrhljóminn.

Jón gaf verkinu, sem er samið fyrir blandaðan kór, vinnuheiðið *Svefnljóð*, en kallaði það að lokum *Requiem*. Texti verksins er þó ekki hinn hefðbundni latínutexti, heldur fléttaði Jón saman brot úr íslenskum þjóðkvæðum og Magnúsarkviðu Jónasar Hallgrímssonar. Jón var ekki nema örfáa daga að semja þetta undurfagra verk, og virðist sem samsetning textans hafi valdið honum meiri heilabrotum en sjálf tónlistin. Jón lauk við endanlega gerð textans þann 29. júlí og verkið sjálft var fullgert aðeins tveim dögum síðar, 31. *Requiem* er kyrrlát vögguvísa handa hinni sofandi dóttur, og reiðin sem einkennir *Torrek* hefur vikið fyrir innri frið og sátt við þau örlög sem mönnunum eru búin. Ímynd hins syrgjandi föður hvarf samt aldrei úr huga Jóns, og jafnvel í þessu bjarta og tæra verki vikur Jón að því hvernig komið var fyrir honum. Um miðbik verksins detta kvenraddirnar út, og karlaraddirnar syngja um “búanda lúinn” sem “dró nótt úr sjó”.

Tekið saman og unnið upp úr grein Árna Heimis Ingólfssonar “Mjök hefr Rán ryskt um mik – um Jón Leifs og dóttur-missinn”, grein á vef Ríkisútvarpsins um Jón Leifs (<http://www.jonleifs.is>).

Sofinn er fífill
fagr í haga,
mús undir mosa,
már á báru,
lauf á limi,
ljós í lofti,
hjótr á heiði
en í hafi fiskar.

Sefr selr í sjó,
svanr á báru,
már í hólmi,
manngi þau svæfir.
Sofa manna börn
í mjúku rúmi,
bía og kveða,
en babbi þau svæfir.

Sof þú nú sæl og
sigrgefin.
Sofðu, eg unni þér.

Blæju yfir bæ
búanda lúins
dimmra drauma
dró nótt úr sjó.

Við skulum gleyma grát og sorg,
gott er heima að búa.
Láttu þig dreyma bjarta borg
búna þeim er trúa.



Introitus

Requiem aeternam dona eis, Domine,
et lux perpetua luceat eis.
Te decet hymnus, Deus, in Sion,
et tibi reddetur votum in Jerusalem.
Exaudi orationem meam,
ad te omnis caro veniet.
Requiem aeternam dona eis, Domine,
et lux perpetua luceat eis.

Kyrie

Kyrie eleison.
Christe eleison.
Kyrie eleison.

Sequentia

Dies irae, dies illa
solvat saeculum in favilla,
teste David cum Sibylla.

Quantus tremor est futurus
quando iudex est venturus
cuncta stricte discussurus.

Tuba mirum spargens sonum
per sepulchra regionum
coget omnes ante thronum.

Inngöngusálmur

Drottinn, veit þeim eilífa hvíld,
og eilíft ljós lýsi þeim. (Sálm 64, 2-3)
Þér, Guð, ber lofsöngur í Síon,
og við þig sé heitið efnt í Jerúsalem.
Heyr bæn mína;
Til þín kemur allt hold.
Drottinn, veit þeim eilífa hvíld,
og eilíft ljós lýsi þeim.

Miskunnarbæn

Drottinn, miskunna þú oss.
Kristur, miskunna þú oss.
Drottinn, miskunna þú oss.

Sekvenz

Dagur reiði, dagur bræði
drekki jörð með logaflæði
votta heilög Völufraði.

Dauðans ógn, er Drottinn alda
dóm í skýjum fer að halda,
öllum makleg gjöld að gjalda.

Hátt mun lúður ljóssins gjalla,
lífendur og dauða kalla
fyrir dóminn Drottins alla.

*heilög Völufraði
Davíð er fulltíu gamla testamentisins,
Sibylla eru völvur rómverskrar goðafræði.*

*bókin fróða er lífsins bók sem talað er um í
5. kafla opínberunar Jóhannesar.*

Mors stupebit et natura
cum resurget creatura
judicanti responsura.

Liber scriptus proferetur
in quo totum continetur,
unde mundus judicetur.

Judex ergo cum sedebit
quidquid latet apparebit,
nil inultum remanebit.

Quid sum miser tunc dicturus,
quem patronum rogaturus,
cum vix justus sit securus?

Rex tremendae majestatis,
qui salvandos salvas gratis,
salva me, fons pietatis.

Recordare, Jesu pie,
quod sum causa tuae viae,
ne me perdas illa die.

Quaerens me sedisti lassus,
redemisti crucem passus,
tantus labor non sit cassus.

Dauðinn mun í felur fara,
framliðnum þá sér hann skara
stefnt úr gröfum Guði að svara.

Fram er borin bókin fróða,
birta mun sú allra þjóða
vitnisburði, vonða, góða.

Drottinn síðan dæma tekur,
dulmál hvert af svefni vekur,
kemst þá enginn undan sekur.

Hverju skal ég sjálfur svara?
sekur maður, hvert skal fara?
Sýkn og hreinn ef sig má vara?

Ógnarvaldur himins halla,
hjálpþráð gefins þeirra', er falla,
náðarlind, til lífs mig kalla.

Minna benja bönd þig bundu,
blíði Jesú, kvöl þá mundu,
Drottinn minn, á dómsins stundu.

Þú, sem réðst mín þreyttur leita,
þoldir kross og dauðasveita.
Ó, þú mátt um náð ei neita.

Pú, sem allt vilt endurgjalda,
uppgef þú mér sekt margfalda
fyrir en dóminn ferð að halda.

Sjá, ég stúrin styn í hljóði,
stórsyndarinn, þungum móði:
Miskunna mér, Guð minn góði.

Pú, sem móður þjáða reistir,
þú, sem ránsmannt þindan leystir,
þér um eilífð önd mín treystir.

Bænarorð ef ekki vega,
ein þín miskunn græðir trega,
glata oss ei eilíflega.

Vísa mér til hægri handa,
höfrum fjarri, þar sem standa
sauðir þínir, sviptir vanda.

Blessað barn mig, Kristur, kalla,
kvöl og neyð er grípur alla,
sem í ógnareldinn falla.

Á þig Drottinn, eg mig reiði,
aumur, kraminn styn og beiði:
Guð, þín hönd til lífs mig leiði.

Juste iudex ultionis
donum fac remissionis
ante diem rationis.

Ingemisco tamquam reus,
culpa rubet vultus meus,
supplicanti parce, Deus.

Qui Mariam absolvisti
et latronem exaudisti,
mihi quoque spem dedisti.

Preces meae non sum dignae,
sed tu bonus fac benigne,
ne perenni cremer igne.

Inter oves locum praesta,
et ab haedis me sequestra,
statuens in parte dextra.

Confutatis maledictis
flammis acribus addictis,
voca me cum benedictis.

Oro supplex et acclinis,
cor contritum quasi cinis,
gere curam mei finis.

Réttara: Þú sem Mariu veittir aflausn. Hér er átt við Mariu Magdalenu, sem Lúkasarguðspjall segir að Jesús hafi hreinsað af illum öndum (8, 2). Með ránsmanninum er átt við ræningjann sem Jesús fyrirgaf á krossinum.

*sauðir og hafrar
sbr Matteusarguðspjall 25, 31 - 46*

*Tartaros
guð undirheima og staður neðar en Hades í
grískri goðafræðis. Ljósíð og heimurinn voru
gerð úr honum. Hliðstæða auðnar og tóms í
sköpunarsögu 1. Mósebókar og fangelsí fall-
inna engla (2. Pét. 2,4).*

*fyrirheitíð
er á þá leið að afkvæmi Abrahams muni
verða þjóðunum til blessunar.*

Lacrimosa dies illa
qua resurget ex favilla
judicandus homo reus.

Huic ergo parce, Deus,
pie Jesu Domine,
dona eis requiem.
Amen.

Tomas de Celano 1215 - 1255

Offertorium

Domine, Jesu Christe, Rex gloriae,
libera animas omnium fidelium defunctorum
de poenis inferni,
et de profundo lacu:
libera eas de ore leonis,
ne absorbeat eas tartarus,
ne cadant in obscurum,

sed signifer sanctus Michael
repraesentet eas in lucem sanctam,
quam olim Abrahae promisisti
et semini ejus.

Hostias et preces, tibi, Domine,
laudis offerimus:
tu suscipe pro animabus illis,
quarum hodie memoriam facimus:

Dapurt mun þann dag á foldu,
er dróttir sekar rísa' úr moldu
að líða dóm á lýtum sönnnum.

Líkna, Guð, því aumum mönnum,
Jesús, hilmir hreinn, lát þá
hvíld og endurnæring fá.
Amen.

Matthías Jochumsson 1835 - 1920

Fórnarvers

Drottinn, Jesú Kristur, konungur dýrðarinnar,
bjarga þú sálum allra trúaðra framliðinna
frá þjáningum vítis
og frá hinu mikla undirdjúpi;
frelsa þær úr ljónsgininu,
svo að hyljdjúpið gleypi þær ekki
og þær steypist ekki í myrkrið,

en lát merkisbera þinn, hinn heilaga Mikael,
leiða þær til hins heilaga ljóss,
sem þú hést forðum Abraham
og afkvæmi hans.

Drottinn, meðtak þær fórnir og
lofgjörðarbæinir,
sem vér færum þér fyrir sálum þeim,
er vér minnumst í dag.

Lát þær, Drottinn,
innganga frá dauðanum til lífsins,
er þú forðum hést Abraham
og afkvæmi hans.

Heilagur

Heilagur, heilagur, heilagur
ert þú Drottinn, Guð hersveitanna.
Himnarnir og jörðin eru full dýrðar þinnar.
Hósanna í upphæðum.

Blessun

Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins.
Hósanna í upphæðum.

Guðs lamb

Ó, þú Guðs lamb,
sem burt ber heimsins synd.
Ó, þú Guðs lamb,
veit þeim eilífa hvíld.

Samfélag

Eilíft ljós lýsi þeim, Drottinn,
ásamt með þínum heilögu um alla eilífð,
því að þú ert miskunnksamur.
Drottinn, veit þeim eilífa hvíld,
og hið eilífa ljós lýsi þeim
ásamt með þínum heilögu um alla eilífð,
því að þú ert miskunnksamur.

fac eas, Domine,
de morte transire ad vitam,
quam olim Abrahae promisisti
et semini ejus.

Sanctus

Sanctus. Sanctus, Sanctus,
Dominus Deus Sabaoth!
Pleni sunt coeli et terra gloria tua.
Osanna in excelsis.

Benedictus

Benedictus qui venit in nomine Domini.
Osanna in excelsis.

Agnus dei

Agnus Dei, qui tollis peccata mundi,
dona eis requiem.
Agnus Dei, qui tollis peccata mundi,
dona eis requiem sempiternam.

Communio

Lux aeterna luceat eis, Domine,
cum sanctis tuis in aeternum,
quia pius es.
Requiem aeternam dona eis, Domine,
et lux perpetua luceat eis,
cum sanctis tuis in aeternum,
quia pius es.

*blessaður sé sá sem kemur
br. Matt. 21,9 og 23, 37-39.*

Póra Einarsdóttir, sópransöngkona stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og síðan við Guildhall School of Music and Drama hjá Prof. Lauru Sarti. Hún hefur sótt námskeið hjá ýmsum söngvurum og tónlistarmönnum, má þar nefna söngkonurnar Elisabeth Söderstöm, Mirella Freni og Emma Kirkby. Að námi loknu debúteraði Póra við Glyndebourne Festival Opera aðeins 23 ára gömul í hlutverkinu „Mirror“ í „The Second Mrs. Kong“ eftir Sir Harrison Birtwistle en frumraun hennar á sviði var í Rigoletto í Íslensku Óperunni fimm árum áður. Síðan þá hefur hún sungið víða um lönd, við óperuhús, á tónleikum, með hljómsveitum, og píanómeðleik.

Óperuhlutverk Þóru eru orðin 40 talsins og spanna vítt svið frá Rameau til Birtwistle. Hún hefur lagt sérstaka áherslu á Mozart, enda óhætt að segja að lýrisk sópranrödd hennar hæfi tónlist hans sérstaklega vel. Á liðnum vetri söng Póra messuna í C-moll eftir Mozart undir stjórn Sir Neville Marriner í tónlistarhöllinni í Bologna á Ítalíu og hún söng valdar aríur



eftir meistarann undir stjórn Paul Goodwin ásamt sinfóníuhljómsveit Rínarlanda. Nú í apríl söng Póra í Elíasi Mendelsons og hlutverk Elmíru í óperunni Krösus eftir Reinhard Keiser. Framundan bíða mörg spennandi verkefni, má þar meðal annars nefna hlutverk Iliu í Idomeneo eftir Mozart sem Póra mun syngja næstkomandi haust við Ríkisóperuna í Hessen.

Sesselja Kristjánsdóttir

mezzósópran stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi frá tónmenntakennaradeild og síðar 8. stigi frá söngdeild skólans, þar sem kennari hennar var Rut Magnússon. Þaðan hélt hún í framhaldsnám til Berlínar í Hochschule für Musik Hanns Eisler og lauk þar diplómu-prófi með hæstu einkunn haustið 2000. Sumarið 2001 lauk Sesselja svo eins árs framhaldsnámi frá sama skóla. Aðalkennari hennar var prófessor Anneliese Fried. Þá sótti hún fasta tíma hjá prófessorunum Julíu Varady og Wolfram Rieger auk ljóðanámskeiða hjá Scot Weir. Sesselja hlaut Bayreuthstyrk



þýsku Richard-Wagner samtakanna sumarið 2000.

Hún hefur komið fram á tónleikum, hér heima og erlendis, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Meðal óperuhlutverka eru Nachbarin í Mavra, Lis í Wie werde ich reich und glücklich, Berta í Rakaranum í Sevilla við National Reisoper í Hollandi. Sesselja var fastráðin að Íslensku óperunni í ágúst 2002. Hjá Íslensku óperunni hefur Sesselja sungið hlutverk þriðju meyjar í Töfraflautunni, Rosínu í Rakaranum í Sevilla, Suzuki og Isabellu í óperutvennunni Madama Butterfly & Ítalska stúlkan í Alsír, Charlottu í Werther og Cherubino í Rakaranum í Sevilla.



Gunnar Guðbjörnsson stundaði söngnám hjá Sigurði Demetz á Íslandi, Frau Hanne-Lore Kuhse og Michael Rhodes í Þýskalandi en þar að auki sótti hann söngtíma hjá hinum þekktu sænska söngvara Nicolai Gedda og Rainer Goldberg í Berlín. Á árunum

1990-91 var hann meðlimur í National Opera Studio í London.

Gunnar þreytti frumraun sína á óperusviðinu hjá Íslensku Óperunni árið 1988 í hlutverki Don Ottavio í óperunni Don Giovanni eftir Mozart. Hann söng víða í tónleikasölum og óperum á námsárunum en strax að loknu námi réðst hann sem lýriskur tenór við Ríkisóperuna í Wiesbaden en þar var hann til ársins 1995. Á árunum 1995-97 var hann svo fyrsti lýriski tenór Þjóðaróperunnar í Lyon í Frakklandi.

Gunnar hefur einnig sungið í fjölda annara óperuhúsa og má þar nefna Grand Theatre í Genf, óperurnar í Lissabon, Marseille, Toulouse, Lille, Opera National í París (Bastille), Frankfurter Oper, Staatsoper Hamburg, Nationaltheater í München, Kölner Oper, Deutsche Staatsoper, Deutsche Oper í Berlín og Wiener Staatsoper. Á Ítalíu hefur Gunnar sungið í Óperunum í Bologna, Feneyjum og Palermo.

Á tónleikapallinum hefur Gunnar einnig verið virkur og sungið víða. Má þar nefna Alte Oper í Frankfurt, Salle Pleyel í París, Albert Hall í London og Berlínar Fílarhónínunni en þar þreytti hann frumraun sína með Fílarhómóníusveit Berlínar í maí 1999. Einsöngstónleika hefur hann sungið m.a. í Wigmore Hall og Covent Garden Óperunni í London, Staatsoper í Berlín, í Salle Gaveau í París og

á Aix-en-Provence hátíðinni í Frakklandi. Utan Evrópu hefur hann sungið með Sinfóníuhljóm-sveitunum í Israel, Singapore og Chicago í Bandaríkjunum. Hann hefur átt samstarf við marga þekktu stjórnendur og má þar nefna Helmut Rilling, Kent Nagano, Jeffrey Tate, Antonio Pappano, Sir Neville Marriner og Daniel Barenboim.

Hlutverkaskrá Gunnars er mjög fjölbreytt en hún hefur að geyma öll helstu aðalhlutverkin í óperum Mozart en einnig Nemorino í Ástardrykknum, Fenton í Falstaff, Lensky í Evgení Onegin, Quint í óperu Britten Turn of the screw, Almaviva í Rakaranum frá Sevilla, Stýrimanninn í Hollendingnum fljúgandi og Rodolfo í La Boheme.



Davíð Ólafsson bassi stundaði nám við Tónlistarskólann í Keflavík hjá Árna Sighvatssyni, Nýja Tónlistarskólann hjá Sigurði Demetz, Keith Reed og Signýju Sæmundsdóttur og við Söngskólann í Reykjavík, þar sem aðalkennari hans var Guðmundur Jónsson. Þá hélt hann

til framhaldsnáms við óperudeild tónlistarháskólans í Vínarborg, en meðal kennara hans þar voru Helene Karusso og Norman Shetler.

Að námi loknu var Davíð fastráðinn við Óperuna í Lübeck í tvö ár, auk þess sem hann hefur verið gestasöngvari við óperuhús í Svíss, Austurríki, Þýskalandi og San Francisco í Bandaríkjunum. Davíð var fastráðinn við Íslensku óperuna 2002-2004 og var fyrsta hlutverk hans þar Doktor Bartolo í Rakaranum í Sevilla.

blomabudin.is

Dalía Reykjavík
Sími: 568 9120
Fax: 568 9117



DÖGG
Hafnarfirði
Sími: 555 0202
Fax: 565 2815

Vox academica eru

Sópran

Anna Gyða Gunnlaugsdóttir
Anna Margrét Kaldalóns
Bryndís Hulda Ásgeirsdóttir
Hildur Þráinsdóttir
Jónína Lýðsdóttir
Mamiko Dís Ragnarsdóttir
Margrét Einarsdóttir
Sólveig Gísladóttir
Vilborg Þórhallsdóttir
Þórdís Bragadóttir

Alt

Birna Björnsdóttir
Ásdís H. Runólfsdóttir
Fern Nevjinsky
Halla Sverrisdóttir
Laufey Kristinsdóttir
Yrsa Þórðardóttir
Þorgerður Aðalgeirsdóttir
Þóra Másdóttir
Þóra H. Passauer

Tenór

Benedikt Kristjánsson
Carlos Ferrer
Eggert Ó. Jóhannsson
Gestur Ásólfsson
Gunnar Örn Ingólfsson
Hjörvar Pétursson
Halldór Ólafsson
Þorsteinn M. Björnsson

Bassi

Björn Jónsson
Eðvarð Ingólfsson
Elías Davíðsson
Gunnar Ben
Már V. Magnússon
Páll Gunnlaugsson
Páll K. Svansson
Sveinn Rúnar Hauksson
Sveinn S. Erlendsson
Þóroddur F. Þóroddsson

Stjórnandi: Hákon Leifsson

Raddþjálfun: Jón Þorsteinsson

Meðleikari á æfingum: Elías Davíðsson

Hljóðfæraleikarar eru

1. Fiðla

Andrzej Kleina
Sbigniew Dubik
Ágústa Jónsdóttir
Martin Frewer

2. Fiðla

Gréta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Pálína Árnadóttir
Hlín Erlendsdóttir

Víóla


Mark Reedman
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Alferðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Richard Talkowsky
Lovísa Fjeldsted

Kontrabassi

Jóhannes Gesorgsson



Hjá okkur
færðu faglega þjónustu,
byggða á þekkingu
og áralangri reynslu.



Klarinett

Sigurður I. Snorrason
Kjartan Óskarsson

Trompet

Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Darren Stonham

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
David Brobroff

Pákur

Eggert Pálsson

Organisti

Steingrímur Þórðarson

Efnisskrá

Blástur túbunnar

Maríumúsík

Leifur Pórarinsson

- I. María fór um miðnæturskeið
- II. Nú breiðir María ullina sína
- III. Ave Maria

Requiem

Jón Leifs

Nótt

Szymon Kuran

Hlé

Requiem

Wolfgang Amadeus Mozart

Introitus

Kyrie

Sequenz

Offertorium

Sanctus

Benediktus

Agnus dei

Communio

MUSIKSALA
0311 71
NATIONALBIBLIOTEK

Sustolde